

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Olíudreifing, Krossanesi Krossanesi



<b>Dags eftirlits</b>	11.9.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing, Krossanesi	<b>Eftirlitsmaður</b>	Steinunn Karlsdóttir
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	540523,65 578809,711

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og en ein athugasemd var gerð við að loki stóð opinn í olíuvarnarþró.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Farið var yfir rekstrarhandbók og skráningar. Mánaðablöð voru skoðuð og eru engar athugasemdir gerðar við þau.

Als tíu geymar eru í notkun á stöðinni og af þeim þarf að botnþykktarmæla þrjá nú í ár, þ.e. geymar sem merktir eru 600.06.00, 600.05.00 og 600.02.00. Minnt er á að á næsta ári þarf að botnþykktarmæla tvo geyma, þ.e. 600.04.00 og 600.09.00. Allar löndunarlagnir voru þrýstiprófaðar árið 2014 og stóðust þær allar prófið.

Gufuendurnýtingarbúnaður virkar sem skildi og það sem af er ári er meðaltal heildartaps við áfyllingu og losun flutningsgeyma als 0,47% og innan marka starfsleyfis sem eru 0,5%. Olíuskilja og sandgildir voru tæmdar og yfirfarðar þann 28. febrúar s.l. Loki olíuvarnarþróar stóð opinn í nyrstu þrónni en verið var að tappa vatni af geymi sem þar stendur.

Rekstraraðili hefur fengið endurnýjun á ISO 14001 vottun og gildir hún til 14. janúar 2020.

Árið 2014 varð slys í stöðinni þegar verið var að dæla MD olíu á olíugeymi í stöðinni og nokkuð magn olíu fór upp úr einum tankinum. Enn má sjá mátti ummerki þess við eftirlit en jarðvegur hefur verið látinn standa óhreyfður og náttúrulegt niðurbrotsferli látið hafa sinn gang. Í síðasta eftirliti mátti sjá olíusmit á geyminum en það var vegna leka í þaki sem búið er að koma í veg fyrir.

Góð flokkun á úrgangi er í stöðinni og spilliefnakör eru tæmd reglulega af starfsmönnum stöðvarinnar, til Hringrásar. Allri úrgangsolíu er skilað til Skeljungs.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í hólkum sem festir eru á girðinguna sem umlykur stöðina. Rekstrarhandbók er í bílum með hættu- og varúðarmerkjum. Hættumerkingar eru til staðar og uppfærðar samkvæmt reglugerð um flokkun og merkingu.

Þjálfun og fræðsla starfamanna er skv. skráðu verklagi.

Þann 11. maí sl. var tekið Macherey-Nagel próf fyrir olíu í frárennsli og var ekki hægt að greina neitt olíusmit á því prófi. Rekstraraðili sendi til eftirlitsaðila, upptökur af mælingunni því til staðfestingar.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og áfyllingarplan. Lóðin er afgirt með mannheldri girðingu og er hlið inn á lóðina læst þegar stöðin er mannlau. Olíuskiljur eru mældar að meðaltali einu sinni í mánuði af verktaka og eru þær tæmdar eftir þörfum. Losar hann úrganginn til endurvinnslu Skeljungs.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila og engin óhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

### ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að loki stóð opinn í olíuvarnarþró er stendur nyrst á lóðinni. Verið var að vinna við aftöppun vatns af geymi sem þar stendur en var lokanum lokað í eftirlitinu. □

### ANNAÐ


Verið var að landa olíu er eftirlitið fór fram og var keyrt niður að löndunarbryggju. Engar athugasemdir voru gerðar við

verklag löngunar.□

Reykjavík, 25.09.2017

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



---

Guðbjörg Stella Árnadóttir